



Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun frá 23. ágúst 2015

Mánud., þriðjud., miðvikud. og fimmtudaga
kl. 14:00 - 22:00

Föstudaga lokað.

Laugardaga og sunnudaga kl. 11:00 - 18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530

Þjónustuaðilar í Grímsnes- og Grafningshreppi

www.gogg.is

Allar fundargerðir má finna inn á www.gogg.is

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



Október 2015

HVATARBLAÐIÐ

Aðalfundur leikfélagsins...

Verður haldinn í félagsheimilinu Borg

15. október 2015 kl. 20:00

Venjuleg aðalfundarstörf.

Hvetjum alla sveitunga unga sem aldna að
koma og vera með.



Kveðja stjórnin.



FUNDARGERÐ.

374. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 2. september 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. ágúst 2015.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. ágúst 2015 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) 95. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 27. ágúst 2015.

Mál nr. 1, 2, 3, 4 og 15 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 95. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 27. ágúst 2015. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

**Mál nr. 1: 1504002 - Kiðjaberg: Frístundabyggð:
Endurskoðað deiliskipulag.**



***Eins og undanfarin ár mun
Grímsnes- og Grafningshreppur veita
framhaldsskólanemum 16-20 ára,
þ.e. fyrir 8 fyrstu annirnar eftir grunnskóla,
styrk að upphæð kr. 30.000.-***

***Þeir aðilar sem vilja nýta sér þetta eru beðnir um að
senda vottorð um skólavist fyrir haustönn 2015 sem
allra fyrst til skrifstofu sveitarfélagsins.***

***Hægt er að senda staðfestingu á faxnúmerið
480-5501 eða á netfangið stina@gogg.is***

Saumakompan Kringlu Grímsnesi




***Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur***



Elsa Jónsdóttir

Sími 486 4515

ORMSSTAÐIR



Fjölskyldurekið
svínabú

ÍSLENSKT SVÍNAKJÖT, beint frá bónda :)

Heimasala
Opið eftir samkomulagi

Sími 771-4465

Sjá www.ormsstadir.is

**Við erum líka á facebook, Ormsstaðir.
Pantanir og allar upplýsingar
í síma 771 - 4465**



Kæru heldriborgarar!

**Sundlaugin er opin fyrir ykkur á
mánudags- og fimmtudagsmorgnum
frá kl. 10:00—12:00.**

Frítt inn og kaffi á könnunni !



Fyrir liggur bréf skipulagsráðgjafa deiliskipulags Kiðjabergs, dags. 20. ágúst 2015 þar sem farið er yfir hvernig brugðist hefur verið við athugasemdum og ábendingum sem fram koma í bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 4. ágúst 2015. Jafnframt liggja fyrir lagfærð gögn. Að mestu leyti er um að ræða minniháttar lagfæringar og frekari skýringar nema að nú er gert ráð fyrir að fyrirhugað gistihús við golfskála verði fellt út.

Að mati sveitarstjórnar hafa verið gerðar lagfæringar á gögnum til að koma til móts við athugasemdir og ábendingar Skipulagsstofnunar og samþykkir sveitarstjórn samhljóða deiliskipulagið að nýju með breytingum, sú helsta að ákvæði um gistihús við golfskála er fellt út.

**Mál nr. 2: 1508058 - Klausturhólar lóð 49A og 49B
(Heiðarimi 8 og 10): Sameining lóða.**

Fyrir liggur umsókn, dags. 17. ágúst 2015 þar sem óskað er eftir að lóðir sem í dag heita Heiðarimi 49A og 49B verði sameinaðar í eina lóð sem mun heita Heiðarimi 8 skv. nýju deiliskipulagi.

Þar sem nýsamþykkt deiliskipulag gerir ráð fyrir að lóðirnar verði sameinaðar í eina lóð, í samræmi við flestar lóðir við Heiðarima, að þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða sameininguna.

Mál nr. 3: 1508063 - Nesjavellir lnr. 209139: Stækkun lóðar.

Fyrir liggur umsókn Eflu Suðurlandi, dags. 17. ágúst 2015, f.h. Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem óskað er eftir stækkun á lóðinni Nesjavellir lnr. 209139 úr 14.870,6 m² í 17.061,5 m² samkvæmt meðfylgjandi lóðablaði. Á lóðinni er í dag rekið hótél. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða stækkun lóðarinnar.

**Mál nr. 4: 1508010 - Tjarnarvík lnr. 222808: Íbúðarhús:
Deiliskipulag.**

Fyrir liggur umsókn, dags. 20. ágúst 2015 ásamt endurskoðaðri tillögu að deiliskipulagi Tjarnarvíkur (lnr 222808) þar sem tekið hefur verið tillit til afgreiðslu sveitarstjórnar frá 19. ágúst

s.l. Í tillögunni er gert ráð fyrir 5.000 m² fristundahúsalóð þar sem byggja má fristundahús og aukahús og má nýtingarhlutfall að hámarki vera 0.03. Gert er ráð fyrir að mænishæð húss frá botnplötu geti verið allt að 6 m. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 15: 1508002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-12.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 24. ágúst 2015.

b) Fundargerð 25. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 27. ágúst 2015.

Lögð fram 25. fundargerð stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., dags. 27. ágúst 2015. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

1. Ráðning starfsmanna: starfsmannamál – 150631.

Fyrir liggur minnisblað frá Péttri Inga Haraldssyni, dags. 18. ágúst 2015 um stöðu starfsmannamála hjá embættinu og ósk um að nýr starfsmaður verði ráðinn í skjalaskráningu og meðhöndlun gagna.

Það skýtur skökku við að óskað sé eftir nýjum starfsmanni á þessum tímapunkti þar sem nú stendur yfir vinna/greining á samlegðaráhrifum skipulags- og byggingarfulltrúa-embættisins og tæknisviði uppsveitanna. Þeirri vinnu er ekki lokið og því fráleitt að ráða nýjan starfsmann áður en þeirri vinnu lýkur. Sveitarstjórn hafnar því að ráðinn verði nýr starfsmaður við embættið að svo stöddu.

3. Námsstyrkir starfsfólks Kerhólsskóla.

Fyrir liggja þrjár umsóknir starfsmanna Kerhólsskóla um styrk til að stunda nám í kennarafræðum. Umsóknirnar eru í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um fjölgun faglærðra starfsmanna við Kerhólsskóla. Sveitarstjóra falið að taka saman áætlaðan kostnað, frestað til næsta fundar.





Magnús var með harmonikkuna með sér í söngstund hjá skólahóp, allir fengu að sjálfsögðu að prófa og svo tóku þau lagið m.a fyrir nemanda sem átti afmæli.



4. Aðgangur að Gegni, landskerfis bókasafna.

Fyrir liggur að kerfi skólabókasafnsins, er úrelt og ekki lengur hægt að fá uppfærslur á því kerfi. Aðgangur að Gegni, landskerfi bókasafna stendur bókasafninu til boða og er stofnkostnaður þess 200.000 kr. og að auki mánaðargjald sem greitt er skv. íbúafjölda og yrði um 7.500 kr. sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kaupa aðgang að Gegni.

5. N4 – Að sunnan.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Sjónvarpsstöðinni N4, dags. 28. ágúst 2015 þar sem óskað er eftir samstarfi við sveitarfélögin á Suðurlandi til að gera framhald á þættinum „Að sunnan“. Kostnaður sveitarfélagsins yrði 250.000 án vsk. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í verkefninu.

6. Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Fyrir liggur beiðni frá Reykjavíkurborg um námsvist utan lögheimilissveitarfélags fyrir Sindra Mía Tinnuson. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða námsvistina.

7. Drög að samningi við Hellarannsóknarfélag Íslands.

Fyrir liggja drög að samningi við Hellarannsóknarfélag Íslands um faglega ráðgjöf varðandi lokun, verndun og nýtingu dropasteinshraunhella og gosmyndana á afrétti sveitarfélagsins. Málinu frestað.

8. Bréf frá fræðslustjóra Árborgar, Þorsteini Hjartarsyni, vegna þjóðarsáttmála um læsi.

Fyrir liggur bréf frá fræðslustjóra Árborgar, Þorsteini Hjartarsyni, dagsett 21. ágúst 2015 þar tilgreint er hvar undirritun þjóðarsáttmála um læsi fer fram. Mennta- og menningarmálaráðaherra er í hringferð um landið til að undirrita þjóðasáttmála um læsi með fulltrúum sveitarfélaga. Sveitarstjórn felur oddvita að undirrita samkomulagið.

9. **Bréf frá formanni Þjónusturáðs Suðurlands, Maríu Kristjánsdóttur vegna úttektar á aðgengi fatlaðs fólks í sveitarfélögum.**

Fyrir liggur bréf frá formanni Þjónusturáðs Suðurlands, Maríu Kristjánsdóttur, dagsett 19. ágúst 2015 þar sem greint er frá því að Þjónusturáðið hafi sótt um styrk til Velferðarráðuneytisins um úttekt á aðgengismálum fatlaðs fólks. Kostnaður sveitarfélagsins við úttektina er kr. 180.000. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ofangreint erindi.

10. **Fulltrúi á ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2015.**

Tilnefna þarf fulltrúa sveitarfélagsins á ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldinn verður þann 23. september n.k. Samþykkt er að Ingibjörg Harðardóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins.

11. **Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna.**

Kynnt er að fjármálaráðstefna sveitarfélaganna verður haldin á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík 24. og 25. september n.k. Samþykkt er samhljóða að fimm fulltrúar úr sveitarstjórn eigi kost á að fara á ráðstefnuna.

12. **Staða fjárhagsáætlunar 2015.**

Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2015.

13. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði miðvikudaginn 23. september kl. 9:00 þar sem Klausturhólaréttir eru á fundartíma sveitarstjórnar þann 16. september.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:50



Sviðaveisla

Sviðaveislan í **Miðengi** verður

föstudaginn 6. nóv. n.k.

Maggi Kjartans heldur uppi stuðinu.

Lopapeysukeppnin verður að sjálfsögðu, allir að mæta í lopapeysum.

Það verða **svið og saltkjöt** í boði með tilheyrandi.

Pantanir þurfa að berast **fyrir** miðvikudagskvöldið 4. nóvember 2015

Verð kr. 2.500,-


Miðapantanir í síma 865-4422 eða netfang: **helga@midengi.is**

Óska eftir

stúlku/dreng til að gæta stöku sinnum 2 drengja, 3 ára og 9 ára.

Upplýsingar í síma 694-8999, Eva Borgarbraut 10.





GÆS

Við erum tveir kallar
sem langar að fá að veiða
gæs í haust, er einhver
landeigandi sem vill leyfa
okkur að liggja fyrir gæs?

Ef svo er þá er síminn:
892 - 0124 Pálmar



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Sími Selfossi 432-2000
Laugarás 432-2770

FEDGAVERK



Tökum að okkur stór og smá verk:
jarðvinnu - tætingu - snjómokstur -
jarðheflun & fólksflutninga, 6-11 farþega.

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk



FUNDARGERÐ.

375. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í
stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 23. september 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Gunnars Þorgeirssonar

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 2. september 2015.

*Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps
frá 2. september 2015 liggur frammi á fundinum.*

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 14. fundar fjallskilaneftndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 21. ágúst 2015.

*Lögð fram 14. fundargerð fjallskilaneftndar Grímsnes- og
Grafningshrepps, 21. ágúst 2015.*

Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Kringlumýrarrett.

Fjallskilanevnd óskar eftir að breyting verði gerð á Kringlumýrarrett þannig að það verði fleiri dilkar og minni almenn-ingur.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi beiðni.

Mál nr. 4: Gatfell og Kerling.

Fjallskilanevnd óskar eftir efni til að auka svefnaðstöðu í Gatfelli og einnig að komið verði upp vatnsrennum á hesthúsið við Kerlingu fyrir vatnssöfnun til að brynnast hrossum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi beiðni.

**b) 96. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita,
10. september 2015.**

Mál nr. 1, 2 og 14 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 96. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 10. september 2015. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: 1508076 - Kerhraun 6 og 39: Breyting á afmörkun lóða: Breytt stærð.

Fyrir liggur umsókn eiganda lóðarinnar Kerhraun 6 sem varðar breytingu á lóðarmörkum við lóð nr. 39. Meðfylgjandi er uppdráttur þar sem fyrirhuguð breyting er sýnd.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við lagfæringu á lóðarmörkum með fyrirvara um samþykki eigenda beggja lóða og að unnið verði ný hnitsett lóðablöð fyrir báðar lóðirnar. Þá felur þetta í sér breytingu á deiliskipulagi sem er að mati sveitarstjórnar óveruleg skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, en einnig þarf að útbúa gögn vegna þeirra breytingar.

Mál nr. 2: 1509001 - Seyðishólar: Kerbyggð: Deiliskipulagsbreyting: Kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Lögð fram til kynningar kæra vegna samþykktar á aðal- og deiliskipulagi Kerbyggðar í Grímsnes- og Grafningshreppi. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa um kærana.



Verslunin Borg

mánud. - laugard. 10:00 - 19:00

sunnudaga 11:00 - 18:00

Sími : 486-4408

Verið velkomin - alltaf heitt á könnunni

Verið velkomin Sími 486-8686

Þrástælundur í Þjóðbraut



Opið:

mánudaga til fimmtudaga 10:00 - 20:00

föstudaga til sunnudaga 10:00 - 21:00



Kæru uppsveitungar

Nú er breyttur afgreiðslutími í Lyfju í Laugarási

Frá og með 1. okt. 2015 verður afgreiðslutíminn sem hér segir:

Mánudaga

10:00 - 16:30

Þriðjudaga

10:00 - 16:30

Miðvikudaga 10:00 - 13:00

Fimmtudaga

10:00 - 16:30

Föstudaga

10:00 - 16:30

Sími: 486-8655



Mál nr. 14: 1509001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-13.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. september 2015.

c) Fundargerð 26. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 10. september 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 3. fundar ferðamálaráðs uppsveitanna, 16. september 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 15. fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs., 15. september 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Námsstyrkir starfsfólks Kerhólsskóla.

Fyrir liggja þrjár umsóknir starfsmanna Kerhólsskóla um styrk til að stunda nám í kennarafræðum. Umsóknirnar eru í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um fjölgun faglærðra starfsmanna við Kerhólsskóla. Á fundi sveitarstjórnar þann 2. september s.l. var afgreiðslu málsins frestað og sveitarstjóra falið að taka saman áætlaðan kostnað vegna styrkjanna. Nú liggur sú kostnaðargreining fyrir. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja umsækjendur til náms í kennarafræðum skv. lið nr. 1 í reglum sveitarfélagsins. Að auki er samþykkt samhljóða að veita styrk að fjárhæð kr. 150.000 vegna kostnaðar við skólagjöld og til bókakaupa.

4. Staða fjárhagsáætlunar 2015.

Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2015 eftir fyrstu átta mánuði ársins. Ljóst er að ákveðnir liðir muni fara fram úr áætlun. Sveitarstjóra falið að greina ákveðna gjaldaliði og leggja fyrir sveitstjórn.

5. Beiðni um styrk frá Námsefnisbankanum.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Námsefnisbankanum að fjárhæð kr. 100.000 til uppbyggingar á gagnabanka fyrir grunnskóla. Á fundi sveitarstjórnar þann 1. júlí s.l. var afgreiðsla málsins frestað þar sem óskað var eftir umsögn starfsmanna Kerhólsskóla. Starfsmenn Kerhólsskóla telja að þessi starfsemi geti styrkt skólasamfélagið í Árnes- og Rangárvallasýslu og myndu gjarnan vilja taka þátt. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

6. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Mosabraut 13, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 11. september 2015 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II (sumarhús) að Mosabraut 13, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

7. Beiðni Innanríkisráðuneytisins um umsögn á drögum að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Fyrir liggur beiðni frá Innanríkisráðuneytinu um umsögn á drögum að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Breytingin snýst um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiði sveitarfélögum tímabundið framlag sem fengið er með hlutdeild í tekjum ríkissjóðs af sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki árin 2015 til 2017. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við frumvarpsdrögin.

8. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá Innanríkisráðuneytinu, dagsett 16. september 2015 um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Bréfið lagt fram til kynningar.



**Bláskógabyggð og
Grímsnes- og Grafningshreppur**



Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðva frá 1. september til 30. apríl

	Heiðarbær	Lindarskógar	Seyðishólar	Vegholt
Mánudagur				14:00 - 16:00
Þriðjudagur	11:00 - 12:00		14:00 - 16:00	
Miðvikudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Fimmtudagur			14:00 - 16:00	
Föstudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Laugardagur	10:00 - 12:00			14:00 - 16:00
Sunnudagur		11:00 - 13:00	14:00 - 17:00	

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Fridag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladaðag - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum fjórum gámastöðvunum.

Ath.breytt símanúmer

Heilsugæslustöðvarinnar í Laugarási er:

432-2770

Heilbrigðisstofnun á Selfossi er:

432-2000



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Böðvars á Búrfelli og Magnúsar á Snæfoksstöðum, góðbænda í Grímsnesi. Brátt tóku réttargestir undir, og hljómaði nú söngurinn, leiddur af kennurum og nemendum Kerhólsskóla. Þetta var meðal þess sem sungið var: Út um græna grundu / Efst á Arnarvatnshæðum / Kvöldið er fagurt / Er völlum grær / Ég sé um hestinn, þú sérð um hnakkinn / Hér stóð bær / Ísland er land þitt. Og hvaða einkunn sem gefa mátti söngnum – og hvort sem hann minnti nokkuð á þann lævirkjasöng sem óneitanlega hæfði tilefninu – þá er víst að hann kætti margan viðstaddan, sem tók undir af hjartans lyst. Kannski hér takist að endurvekja eða koma á hefð, sem vissulega tíðkast í mörgum betri réttum landsins?

Bjarni Þorkelsson,
kennari í Kerhólsskóla.



BÖÐVAR OG MAGNÚS í Klausturhólaréttum.

9. Bréf frá framkvæmdastjóra Héraðssambandsins Skarphéðins vegna heimildarmyndar um Landsmót UMFÍ á sambands-svæðinu.

Fyrir liggur bréf frá framkvæmdarstjóra HSK, Engilbert Olgeirssyni, dagsett 21. september 2015 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið kaupi fimm mynddiska að fjárhæð kr. 30.000. HSK vinnur nú að gerð heimildarmyndar um Landsmót UMFÍ sem haldin hafa verið á sambandssvæði HSK. Mótin sem um ræðir eru mótin í Haukadal árið 1940, í Hveragerði árið 1949, á Laugarvatni árin 1965 og 1994 og á Selfossi árin 1978 og 2013. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kaupa umbeðna mynddiska.

10. Bréf frá Guðrúnu Ásgeirsdóttur og Guðmundi Tómassyni um upplýsingaskilti við minningarreit Tómasar Guðmundssonar.

Fyrir liggur bréf frá Guðrúnu Ásgeirsdóttur og Guðmundi Tómassyni, dagsett 31. ágúst 2015 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið setji upp upplýsingaskilti, borð og bekk við minningarreit Tómasar Guðmundssonar. Það eru liðin rúm 20 ár síðan brjóstmynd af Tómasi Guðmundssyni skáldi var sett upp í minningarreit við Þingvallaveg og engar upplýsingar að finna um af hverjum brjóstmyndin er af né hægt að tylla sér niður. Sveitarstjórn felur Herði Óla að vinna að málinu.

11. Bréf frá undirbúningshóp um Sunnlenska skóladaginn vegna upplýsinga um sunnlenska skóladaginn 2016.

Fyrir liggur bréf frá Önnu Ingadóttur f.h. undirbúningshóps um Sunnlenska skóladaginn, dagsett 2. september 2015 þar sem upplýst er um Sunnlenska skóladaginn 2016. Bréfið lagt fram til kynningar.

12. Tölvupóstur frá framkvæmdarstjóra Locatify vegna apps sem sveitarfélaginu stendur til boða.

Fyrir liggur tölvupóstur frá framkvæmdarstjóra Locatify, Steinunni Önnu Gunnlaugsdóttur, dagsettur 7. september 2015 þar sem

sveitarfélaginu stendur til boða að setja inn upplýsingar um sveitarfélagið í smáforrit. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

13. Bréf frá Jóhannesi Bjarna Björnssyni hrl., f.h. eiganda að Fljótsbakka 30, vegna lokunar á aðkomunni að Fljótsbakka 32.

Fyrir liggur bréf frá Jóhannesi Bjarna Björnssyni hrl., f.h. eiganda að Fljótsbakka 30, dagsett 16. september 2015 þar sem tilkynnt er um lokun að aðkomunni að Fljótsbakka 32.

Bréfið er lagt fram til kynningar.

14. Bréf frá formanni fjárlaganefndar Alþingis um fundi sveitarstjórna með fjárlaganefnd Alþingis haustið 2015.

Fyrir liggur bréf frá Vigdís Hauksdóttur, formanni fjárlaganefndar Alþingis, dagsett 10. september 2015 vegna funda sveitarstjórna með fjárlaganefnd Alþingis haustið 2015.

Sveitarstjóra falið að bóka fundartíma.

15. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um almannatryggingar (hækkun lífeyris í 300 þús. kr.) 3. mál.

Frumvarpið lagt fram.

Til kynningar

- ✓ SASS. Fundargerð 497. stjórnarfundar 04.09 2015.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 830. stjórnarfundar, 11.09 2015.
- ✓ Samtök orkusveitarfélaga. Fundargerð 21. stjórnarfundar, 25.08.2015.
- ✓ Vottunarstofan Tún. Fundargerð aðalfundar, 24.08.2015

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:30.

Kerhólsskóli

Hrútasýning í grennd

Í framhaldi af þessu, og m.a. í þessum síðastnefnda tilgangi, að tengja skólasterfið við nærsamfélagið, hefur nú verið farið á hrútasýningu og lambaskoðun. Þar hjálpuðu börnin til að draga fêð, urðu vitni að dómum og stigun lamba, sáu hvernig þykkt bakvöðvans var mæld í ómsjá (líka fitulagið) og fræddust um það hvernig valið er til ásetnings. Þau sáu þaulvana „hrútaþuklara“ að verki, Pétur Halldórsson og Jón Vilmundarson, búfjárræktarmann og búfjárdómara af bestu gerð. Skólabörnin voru frædd um gildi ræktunarstarfs (kjöttgæði og frjósemi) fyrir bændur og neytendur. Einnig var minnst á nokkra afgerandi þætti búskaparins: Fóðrun, heyfeng, tíðarfar – og bóndann sem á allt sitt undir sól og regni. Að þessu sinni gafst ekki tóm til að hyggja að öðru búskaparstússi heima á Þóroddsstöðum, það bíður betri tíma. Þó sást til landnámsheimsna og skrautlegs hana!

Réttirog réttasöngur

Næsta verk okkar hér í Kerhólsskóla á þessu nærsamfélagssviði var að fara með öll grunnskólabörnin (og elstu leikskólabörnin) í Klausturhóla-réttir þann 16/9. Aðdragandi að því var nokkur hér í skóla og tengist reyndar enn einum samráðsvettvangi kennara, þótt ekki hafi verið nefndur hér að ofan: Allir kennarar Kerhólsskóla – undir forystu Magnúsar Kjartanssonar – koma að skipulagningu og/eða framkvæmd kennslustundar sem er á stundatöflu vikulega og nefnist Söngur og tján-ing. Öll grunnskólabörn og mörg leikskólabarnanna koma þá saman í félagsheimilinu og æfa söng og framkomu, hlustun og upplestur – svo nokkuð sé nefnt.

Af því að nú stóð til að fara í réttir höfðu verið valdir nokkrir upplagðir textar til réttasöngs. Í þessari hefðbundnu réttarferð Kerhólsskólabarna voru nefnilega nýmæli í bígerð, eins og fram mun koma. Söngvarnir voru nú æfðir kappsamlega í Söng og tjáningu – og svo var haldið af stað í réttirnar með skólabílunum. Margir krakkanna tóku þátt í rétta-störfunum af alefli, og var sem sumir þeirra tvífeldust og sýndu á sér nýja hlið, slík var vinnugleðin! Eins og nærri má geta tók þó réttastörfin sjálf fljótt af, því margar hendur vinna létt verk.

Ísland er land þitt.....

En bíddu nú hægur, lagsi. Varla var búið að draga síðustu kindina í Klausturhólarétt þennan bjarta haustmorgun, er tóku að óma ljúfir og kunnuglegir harmonikkutónar. Þeir voru ættaðir úr nikkum þeirra

Útinámið

hefur allt farið fram í einum stórum hóp allra skólabarnanna, allt frá 1. – 9. bekk. Eitt af fyrstu verkunum var að sækja heim kirkjustaðinn Mosfell í Grímsnesi. Mosfell er einn helsti sögustaður í sveitinni okkar. Þar bjó landnámsmaðurinn Ketilbjörn gamli. Til sona hans og dætra röktu allir Haukdælir ætt sína, og gera sér far um það enn, sumir hverjir. Á Mosfelli voru fæddir og uppaldir upphafsmenn kristni á Íslandi og biskupsstóls í Skálholti (Ísleifur Gissurarson frá Mosfelli varð fyrsti biskup á Íslandi 1056, ef ég man rétt).

Að þessu sinni var aðalerindi nemenda og kennara í Kerhólsskóla ekki að ganga inn í þá sagnahelgi um Mosfell sem hér var tæpt á, enda var rækilega búið að fara í þá sauma sl. vor, nefnilega á þema- og örnefnadögum og „Ratleik í heimabyggð“. Hins vegar var nú athyglinni beint að náttúrunni og landslaginu: Það var gengið til berja, gætt að nytja-grösum, trjám og öðrum gróðri í skógræktargirðingunni, rifjuð upp plöntuheitin, lesin blóm og grös. Trúlega hefur svo átt að sulta og safta heima í skóla - og nú er hugað að því hvernig nýta megi grösin til framhaldsstarfs í list- og verknáminu, t.d. litunar og pappírsgerðar (íblöndunar við pappírsmassa) – og líka tegerðar (te-ið mæltist raunar misjafnlega fyrir á kennarastofu!)

Að setja niður og taka upp kartöflur er fastur liður í útinámi Kerhólsskóla. Upptökudagurinn að þessu sinni var sl. fimmtudagur, 25. september. Veðurguðir voru ífærðir fegursta skarti og allir nemendur grunnskólans og flestir kennaranna hjálpuðust að við kartöfluupp-tökuna. Óhætt er að segja að gott sé að létta af sér ýmsu hversdagsoki við slík útiverk, það ásannaðist rækilega að þessu sinni.

Hiklaust má segja að í útináminu hafi verið stigin stór skref í þá átt sem vert er að stefna: Að færa skólastarfið út í náttúruna og samþætta námsgreinar, vissulega, en líka - með markvissum hætti: Að tengja skólastarfið enn frekar við nærsamfélagið, eins og lengi hefur verið tíðkað hér með góðum árangri (t.d. Sólheimar).

Að lokum má hér segja frá vettvangsnámi, nýjung sem er rétt að fara af stað í Kerhólsskóla undir stjórn Önnu Margrétar sérkennara. Það er tilraun til þess að virkja áhugasvið nemenda og efla fjölbreytt námsframboð - í góðri samvinnu við athafna- og áhugamenn í sveitinni. Þegar hafa verið heimsóttir þeir Agnar og Finnur, kaupmenn í Búðinni á Minniborg, og Þorsteinn í Vatnsnesi, bóndi, flugmaður og flugvéla-smiður. Það stendur semsagt til að fara með himinskautum í vettvangs-

VATNSLEIKFIMI

Súper skemmtilegir tímar í sundlauginni á Laugarvatni á mánudögum og miðvikudögum kl. 17:00.

Sex vikna námskeið á kr. 18.000,-
plús aðgangseyrir ofan í laugina.

Það er námskeið í gangi núna, sem byrjaði 14. september og lýkur 14. október.


Næsta námskeið byrjar svo
19. október og er til 25. nóvember.

Möguleiki er á því að mæta bara annan daginn ef vilji er fyrir því.

Nánari upplýsingar í síma 820-4464 eða í tölvupósti emj@hi.is

Hlakka til að sjá sem flesta

Emilía Jónsdóttir íþróttakennari.



Magnús Þór Sigmundsson tónlistarmaður heimsótti Kerhólsskóla í samverustund í september. Samverustundirnar sem eru undir stjórn þeirra Magnúsar J. Kjartanssonar og Bjarna Þorkelssonar, eru haldnar alla miðvikudaga kl 9:00. Þá mæta allir nemendur ásamt starfsfólki í félagsheimilið, syngja saman, flytja ljóð, hlusta á lestur og fleira skemmtilegt. Forráðmenn eru alltaf velkomnir á þessar stundir, en á miðvikudögum eru svokallaðir foreldra-morgnar í Kerhólsskóla

Magnús Þór söng mörg af sínum þekktustu lögum fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Síðan sungu nemendur fyrir Magnús og að lokum sungu allir saman og þar á meðal lagið hans Magnúsar Þórs við ljóð Margrétar Jónsdóttur, *Ísland er land þitt*.

Við í Kerhólsskóla þökkum Magnúsi Þór kærlega fyrir að koma og gleðja okkur með tónlist sinni.



Ef kennarar viðurkenndu fyrir sjálfum sér hversu mikilvægt hlutverk þeirra er og berðust af alefli gegn þeim öflum sem vilja rýra gildi kennarastarfsins, bæru fleiri þeirra höfuðið hátt sem fagmenn.” (Dr. Thomas Gordon: *Samskipti kennara og nemenda*).

Teymisfundir

Í krafti þessara merkilegu orða langar mig að gera svolitla grein fyrir nokkrum þáttum skólastarfs í Kerhólsskóla á upphafsvikum skólaársins, sem hófst formlega 12. ágúst með endurmenntunarnámskeiðum fyrir kennara og svo starfsdögum. Þegar börnin komu svo í skólann hafði okkar ágæti skólastjóri komið fyrir á stundatöflum okkar kennara formlegum teymisfundum kennara, sem er nýmæli í skólastarfinu. Þannig eigum við íslenskukennarar fastan tíma í stundatöflunni til þess að ráða ráðum okkar, útinámskennararnir eiga annan, sá þriðji er ætlaður stærðfræðikennurum, sá fjórði bíður átekta eftir þróunarvinnunni, hinn fimmti er ætlaður til undirbúnings fyrir Söng og tjáningu. Auk þess eru teymisfundir vegna sérstakra verkefna, nýrra nemenda o.s.frv. Jafnframt er búið svo um hnútana í stundatöflunni að möguleikar opnast á því að 3-4 kennarar taki á stundum stærri hópa saman í hverri grein, jafnvel allan skólann. Þetta opnar á flæði á milli deilda og árganga, rýmkar til ef leggja á stund á nýstárlega kennsluhætti og samþættingu námsgreina – býr jafnvel í haginn fyrir „opinn skóla“, ef menn kjósa að ganga svo langt. Trúlegt er að þetta dragi líka úr einangrun kennarastarfsins og auki á farsæld og fagmennsku kennaranna. Fleiri kosti við þetta nýja fyrirkomulag um fasta samráðsfundi mætti nefna hér, en þetta verður látið duga í bili.

Heimalestur

Í stuttu máli sagt: Þessir teymisfundir hafa gefið góða raun. Án þess að fara nánar út í það sem fram fer á þessum fundum, get ég sagt frá því hér að sammælst hefur verið um að að efla allan lestur, ekki síst heimalestur allra skólabarnanna og skerpa á því að foreldrar beri hér mikla ábyrgð. Útbúið hefur verið nýtt form fyrir heimalestur á grunni þess fyrri - eitt blað fyrir hvern mánuð. Það verður svo gert upp mánaðarlega, og svokallað „Mánaðarbréf“ sent heim með tölulegri samantekt, hvatningu, viðurkenningu og/eða aðfinnslum. Í foreldraviðtölum hefur verið látið í veðri vaka að ekki sé til mikils mælst að undanbragðalaust séu staðin skil á heimalestrinum, í ljósi þess að allajafna er ekki ætlast til annars heimanáms. Undirtektir hafa verið harla góðar, og það er von okkar allra að hér muni nást umtalsverður árangur – og bæting! Kannski er það hluti af framlagi okkar til Þjóðarátaks um læsi, sem alls staðar er verið að skrifa undir núna!

Í skólanum, í skólanum.....

Margur seilst um hurð til lokunnar

segir í Grettis sögu á einum stað. Átt er við að margur leiti langt yfir skammt þegar leysa á vandamál liðandi stundar, flækist um og villist í veröld talsýna og hillinga – sjái ekki hina einföldu lausn sem við blasir. Meðal skólafólks er þessa daga margt rætt og ritað um tilburði stjórnvalda til að hafa áhrif á skólastarf og bregðast við ýmsum vanda sem að steðjar. Þótt freistandi sé að tína til nokkuð af því góssi, verður hér látið nægja að benda á valin dæmi um viðbrögðin á samfélagsmiðlunum:

Egill Helgason hefur lagt til að í námsmatinu fyrir samræmdu prófin yrði fremur notast við bros- og fylukarla, tákn sem allir skilja, jafnvel smábörn.

Í Kvinnablaðinu birtist á dögunum grein um málið. Þar var lagt til að við námsmatið yrði notuð framandi tákn, tákn sem enginn Íslendingur skilur.....

Það er ekki ætlun undirritaðs að fella hér dóma um það sem aðhafst hefur verið eða er nú í burðarliðnum á menntasviði stjórnmála. Það er þó vandséð að um framsæknar tímamótatillögur sé að ræða. Óneitanlega væri meira varið í það, ef umræðan um menntamál - og tillögur stjórnvalda þar að lútandi - gæti hverfst í auknum mæli um innra starf skólanna, samband kennara og nemenda og nauðsyn þess að meta að verðleikum starf kennarans og kennarastéttarinnar, starf sem ugglaut ræður úrslitum um gæði skólastarfs.

Í desemberblað Hvatarblaðsins 2014 skrifaði ég dulitla grein, sem var innblásin af bók sem ég hafði nýlega lesið: **Samskipti kennara og nemenda eftir dr. Thomas Gordon**. Í greininni er þessi tilvitnun í bókina:

“Enginn í skólanum getur haft eins mikil áhrif á nemendur og kennarinn. Hann er því ekki neðstur í metakerfinu heldur efstur. Kennarinn er í fremstu víglínu. Samskipti nemenda eru fyrst og fremst við kennara sinn. Í þeim samskiptum eru þroskamöguleikar þeirra fólgnir og þar er einnig hættan á stöðnun falin.

Allt veltur á hæfni kennarans; á því sem hann aðhefst með nemendum sínum. Húsnæði, búnaður, námskrár, námsbækur og önnur kennslugögn eru aðeins hjálpartæki við nám og kennslu. Athafnir kennarans ráða úrslitum um gæði skólans.



KLAUSTURHÓLARÉTTIR

Við fórum í réttir 16. september, allir nemendur
grunnskóladeildar og elsti hópur leikskóladeildar.

Sjá nánar á kerholsskoli.is



Böðvar og Magnús spiluðu á Harmónikkur
og gestir tóku undir.

Sjá nánar á kerholsskoli.is

